

Ár 2014, mánudaginn 13. október kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 19:30 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Hanna Þrúður Þórðardóttir.


Dagskrá:

1. Undirbúningur ársþings
2. Starfsmannamál
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Farið var yfir lokaundirbúning vegna ársþings og rætt um starfsmenn þingsins. Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka viðburði og ræddi um dagskrána á ársþinginu. Þá fór hann yfir undirbúning að ársskýrslu SSNV sem fer í prentun í vikunni.
2. Framkvæmdastjóri fór yfir umsækjendur um starf atvinnuráðgjafa í Húnaþingi vestra en 8 umsóknir bárust. Framkvæmdastjóri og hluti stjórnar fóru yfir umsóknir og tóku viðtöl. Tillaga framkvæmdastjóra er að Sveinbjörg Pétursdóttir, Noregi verði ráðin atvinnuráðgjafi frá 1. nóvember 2014 en hún er viðskiptafræðingur frá Bifröst og hefur lokið meistaranámi í alþjóðaviðskiptum frá HR. Tekur hún við starfi Guðrunar Kloes sem lætur af störfum 1. desember nk. en áður hafði komið að hún óskaði eftir að láta af störfum.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að auglýsa lausa stöðu atvinnuráðgjafa á Sauðárkróki. Bjarni Jónsson vék af fundi. Varaformaður stjórnar lagði fram ráðningarsamning við Bjarna Jónsson sem gildir frá 1. október-31. október 2014. Bjarni þiggur ekki stjórnarlaun á meðan hann gegnir starfi framkvæmdastjóra. Stjórnin staðfesti framlagðan samning.
Bjarni Jónsson kom aftur til fundar.
3. Önnur mál.
 - a) Framkvæmdastjóri fór yfir næstu verkefni og greindi stjórn frá stöðu mála.
 - b) Næsti stjórnarfundur verður haldinn á Gauksmýri miðvikudaginn 15. október n.k.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 22:30.



Bl. 1 af 1